

armálaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 21/1892:

Hið opinbera
gegn
Jóni Ívarssyni.

D ó m u r :

Með dómi lögreglurjettar Kjósar- og Gullbringu-
sýslu, uppkveðnum 13. aprílmán. p. á., var hinn kærði,
Jón Ívarsson úr Reykjavík, dæmdur fyrir brot gegn
samþykkt, staðfestri 8. desbrmán. 1890, um ýmisleg
atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, fyrir Rosm-
hvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandar-
hrepp, Garðahrepp, Bessastadahrepp, Seltjarnarnesshrepp
og Reykjavíkurbæ, 1. gr. hennar, í 50 kr. sekt., og
skyldi fiskur sá, er hann aflaði með ólöglegum netalögnum
sínnum, um 1200 að tölu, upptækur vera, og sektin
og andvirði aflans að frádregnum kostnaði renna í fá-
tækra sjóð Rosmhvalanesshrepps. Svo skyldi kærði og
greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað.
En dómi þessum hefur eftir ósk hins kærða verið skot-
ið til yfirdómsins.

Það er með eigin játning hins kærða, sem stund-
aði fiskiveiðar á opnu skipi á síðastliðinni vetrarvertíð
í hjerði því, er ofangreind samþykkt nær yfir, löglega
sannað, að hann lagði fjórum sinnum frá 21. til 28.
marzmán. síðastliðins þorskanet í sjó og aflaði í þau
um 1200 þorska, sem hann sjálfur flutti í land, ásamt

netunum, og saltaði, og skýrði hann hlutaðeigandi hreppstjóra tafarlaust frá broti sínu. Með þessum tilverknadi sínum hefur kærði gjörzt brotlegur gegn 1. grein fyrnefndrar samþykktar 8. des. 1890, er bannar þeim, er stunda fiskiveiðar á opnum skipum í samþykktarumdæminu, að leggja net í sjó fyr en 7. apríl ár hvert — og getur eigi komið til mála, að samþykktin í þessu efni fari í neinn bága við lög 12. nóvbermán. 1875, um þorskanetalagnir í Faxaflóa —, og virðist sekt sú, er kærði hefur til unnið, samkvæmt 2. gr. samþykktarinnar, hæfilega metin 80 krónur. Yfirdómurinn fellst á ákvæði lögreglurjettardómsins um upptöku aflans, einnig að því leyti, er aflinn og sektin er algjörlega látíð renna í fátækra sjóð hlutaðeigandi hrepps, þar sem eigi er að ræða um uppljósturs- eða upptökumann, annan en kærða sjálfan, sbr. einnig lög 4. des. 1836 um breyting á lögum um fiskiveiðasamþykktir 14. des 1877, svo og á málskostnaðarákvæði dómsins, og ber því að staðfesta hann með framangreindri breytingu á upphæð sektarinnar. Hinum kærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera óraskaður, þó svo, að hin ídæmda sekt sje 80 krónur. Hinum kærða Jóni Ívarssyni ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningslaun til hins skipaða sækjanda og

verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrettarmálaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 25/1892:

Hið opinbera
gegn

Jóhanni Vilhjálmssyni.

D ó m u r :

Með dómi lögreglurjettar Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 16. aprílmán. p. á., var hinn kærði, Jóhann Vilhjálmsson á Kötluhól, dæmdur fyrir brot gegn samþykkt, staðfestri 8. desbermán. 1890, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, fyrir Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Gardahrepp, Bessastaðahrepp, Seltjarnarnesshrepp og Reykjavíkurbæ, 1. gr. hennar, í 60 króna sekt, og skyldi fiskur sá, er hann aflaðimeð ólöglegri netalögn sinni í síðastliðnum marzmánuði, 60 að tölu, upptækur vera, og sektin og andvirði aflans að frádregnum kostnaði renna í fátækra sjóð Rosmhvalanesshrepps. Svo skyldi kærði og greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað. En dómi þessum hefur eptir ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins kærða, sem stundaði fiskiveiðar á opnu skipi á síðastliðinni vetrarvertíð í hjerði því, er ofangreind samþykkt nær yfir, löglega sannað, að hann, sem var skipaður tilsjónarmaður samkvæmt 8. grein hennar, lagði einu sinni seinast í marz-